

nefndum lagafyrirmælum, en upphæð sektarinnar þykir eftir atvikum nægilega ákveðin 5 kr.. og ber að staðfesta lögreglurettardóminn með þessari breytingu á sektarupphæðinni. Kærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu- og verjandi kostnað, þar með talin málflytningu- og verjandi við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögreglurettardómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að hin ídæmda sekt sé 5 kr. Kærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu- og verjandi kostnað, þar með talin málflytningu- og verjandi, yfirrettarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Guðm. Eggerz, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmda sekt ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 35/1905:

P. Nielsen

gegn

Sturlu Jónssyni

Dómur:

Mál þetta höfðaði fyrir gestarétti Reykjavíkur áfrýjandinn verzlunarstjóri P. Nielsen á Eyrarbakka gegn stefnda, kaupmanni í Reykjavík Sturlu Jónssyni, til þess

að fá hann dæmdan til að greiða sér 106 kr. með vöxtum, sem er upphæð ávísana, er hann hefir greitt fyrir Sturlu kaupmann, og innskriftar til hans (áfrýjanda) við verzlun Sturlu í Reykjavík.

Stefndi höfðaði aftur fyrir gestaréttinum gagnsök gegn áfrýjanda til greiðslu á andvirði 2 kaffisekkja (241 pd. á 90 a. =) 216 kr. 90 a. að frádregnum fyrgreindum 106 kr., eða 110 kr. 90 a. auk vaxta.

Málið var dæmt í gestaréttinum 21. ág. f. á. með þeim úrslitum, að gagnkrafa stefnda var tekin til greina, þó þannig, að kaffipundið var að eins reiknað 70 a., og var áfrýjandi því dæmdur til að greiða stefnda mismuninn á gagnkröfunni þannig niðurfærðri og aðalkröfunni, eða 63 kr. 40 a., með 6% vöxtum frá stefnudegi 14. júní f. á. til borgunardags.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 20. sept. f. á., og hefir hann fengið konungsleyfi til að leggja fram ný skjöl og skilríki til upplýsingar málinu. Hefir áfrýjandinn gert þær kröfur hér fyrir réttinum, fyrst og fremst, að dómurinn verði feldur úr gildi og gagnsóknarmálinu vísað frá gestaréttinum, en stefndi dæmdur til að greiða honum 106 kr. ásamt 5% vöxtum frá stefnudegi til borgunardags og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati réttarins. Til vara hefir hann krafist þess, að dóminum verði breytt þannig, að áfrýjandinn verði algerlega sýknaður af kröfum stefnda í málinu, en stefndi dæmdur til að greiða honum 106 kr. ásamt 5% vöxtum frá stefnudegi til borgunardags og málskostnað fyrir báðum réttum eftir réttarins mati. Og enn til vara krefst hann

þess, að úrslit málsins verði látin koma undir eið áfrýjanda og málskostnaðar sem fyrir segir.

Stefndi hefir af sinni hálfu krafist þess, að gestaréttardómurinn verði að öllu staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir yfirrétti hjá áfrýjanda eftir réttarins mati.

Krafa áfrýjanda um frávísun gagnsóknarmálsins frá gestaréttinum er byggð á því, að þar sem aðalmálið hafi stuðst við rétt og skýlaus bréf, þá hafi eigi samkv. N L. 5.—13.—4. getað komið þar til skuldajafnaðar umþrætt skuld eða reikningskrafa, eins og gagnkrafa stefnda sé. En ávísanir þær, er áfrýjandi hefir byggt málsókn sína á, verða ekki settar til jafns við bréf þau, er greint lagaboð ræðir um, og álizt það því rétt, að gestarétturinn tók eigi frávísunarkröfu stefnda til greina.

Það er enginn ágreiningur í málinu um það, að áfrýjandinn hafi leyst inn á árinu 1901 2 ávísanir frá stefnda, að upphæð 56 kr., og að skrifaðar hafi verið inn til hans við verzlun stefnda árið eftir 50 kr., en þessar samtals 106 kr. eru dómkrafa áfrýjanda í máli þessu.

Aftur eru málsaðilar ósammála um gagnkröfu stefnda. Hann heldur því fram, að áfrýjandinn hafi árið 1897 fengið að láni í reikning við verzlun stefnda 2 kaffisekki, en hann hafi ekki fengist til að borga þá þrátt fyrir ítrekaðar kröfur, og hafi þá stefndi gefið út á hann téðar ávísanir, og með þeim og innskrift til áfrýjanda fengið upp í andvirði kaffisekkjanna 106 kr., en að öðru leyti séu þeir enn óborgaðir. Áfrýjandi hefir aftur á móti skýrt svo frá, að stefndi hafi haustið 1896, þegar áfrýjandi var staddur í Keykjavík, komið til sín og mælst til þess, að hásetar af fiskiskípum stefnda,

sem heima ættu í grend við Eyrarbakka, þar sem áfryjandi veitir verzlun forstöðu, gætu fengið vörur þar við verzlunina út á vöruseðla, er stefndi fengi þeim upp í kaup þeirra, það er þeir ættu að taka í vörum. Áfryjandi lofaði þessu, en áskyldi sér að stefndi innleysti seðlana með peningum gegn því að fá 8% afslátt. Þessu gekk stefndi að, og leysti síðan áfryjandi inn vöruseðla fyrir stefnda — handhafaseðla, er gáfu rétt til að taka út vörur við verzlun stefnda fyrir upphæð þá, er tiltekin var í seðlinum — og námu hinir innleystu seðlar samtals 171 kr. Haustið eftir, í sept. 1897, var áfryjandi aftur staddur í Reykjavík og ætlaði þá að fá seðla þessa borgaða af stefnda, en stefndi heimtaði þá 15% afslátt, ef hann ætti að greiða andvirði seðlanna í peningum, en kvað áfryjanda geta fengið vörur út á seðlana með reikningsverði eftir hljóðan þeirra. Þar sem stefndi tók þannig í málið, kaus áfryjandi að binda enda á það þá þegar með því að taka vörur út á seðlana eftir hljóðan þeirra, og valdi sér sem borgun fyrir þá 2 kaffisekki, sem taldir voru 242 pd. á 70 a., en það verða samtals 169 kr. 40 a. Afganginn af upphæð seðlanna borgaði stefndi honum í peningum með 1 kr. 60 a.. Áfryjandi tjáist þannig hafa borgað þessa 2 kaffisekki við móttöku, en ekki tengið þá til láns eða í reikning, og aðra kaffisekki en þessa hafi hann ekki fengið hjá stefnda. Hann kveðst því að eins hafa tekið út kaffisekki þessa, sem hann flutti jafnharðan til verzlunar sinnar á Eyrarbakka, að hann þurfti að hagnýta sér vöruseðlana, en við verzlunina á Eyrarbakka hafði hann þá fyrirbyggjandi yfirfljótanlegar birgðir af

kaffi, um 14000 pd., og þurfti því eigi að bæt við sig af þeirri vörutegund.

Áfryjandinn hefir til þess að styðja þessa skýrslu sína, sem stefndi hefir neitað að sönn væri, lagt fram staðfestan údrátt úr minnisbók sinni (vasabók) frá þeim tíma, þar sem ritað er í, að hann hafi með tekið hjá Sturlu kaupmanni í peningum 1 kr. 60 a. og 2 kaffitsekki (242 pd á 70 a. = 169 kr. 40 a.) og er þa við jafnframt nefnd ávísun 171 kr.; sömuleiðis staðfestan údrátt úr kassabók verzlunar sinnar, en eftir henni hafði verzlunin í höndum 31. ág. 1897 vöruseðla frá stefnda að upphæð 171 kr.; og enn lagði áfryjandi fram staðfestan údrátt úr vörubirgðabók verzlunarinnar, sem sýnir, að verzlunin hafði í sept 1897 birgðir þær af kaffi, er fyr eru nefndar. Fyrir yfirréttinum hefir og áfryjandi upplýst það nægilega, með staðfestum údráttum úr viðskiftabókum við menn, er voru á fiskiskipum stefnda 1896, að hann hefir einmitt skömmu eftir þann tíma, haustið 1896, er hann kveðst hafa lofað stefnda að innleysa vöruseðla fyrir hann, tekið töluvert af seðlum þessum sem borgun fyrir vörur við verzlun sína. Þegar hér við bætist það, hve ósennilegt það virðist vera, að áfryjandinn hafi án sérstaks tilefnis eða samnings farið að svara vörum út á vöruseðla fyrir kaupmann í fjarlægum stað, sem ekki var skyldur til að leysa seðlana út með öðru en vörum með reikningsverði, og hve ósennilegt það einnig er, að áfryjandi hafi, þegar hann hafði nægar birgðir fyrir í verzlun sinni af kaffi, farið að lána kaffi og flytja það heim til sín úr öðrum kaupstað, þá virðist sönnunarbyrðin fyrir því að áfryjandinn hafi tekið umrædda kaffisekki til láns og ekki

borgað þá við móttöku með vöruseðlum, eins og hann hefir haldið fram, hljóta að hvíla á stefnda, en stefndi hefir ekki framfært neinar sannanir í þessu skyni og hefir að eins stutt mál sitt við viðurkenningu áfrýjanda um að hafa fengið sekkina hjá honum gegn borgun út í hönd. Það verður því að sýkna áfrýjandann algerlega af kröfu stefnda í gagnsóknarmálinu, en af því leiðir, að hann ber að dæma til að greiða áfrýjanda hinar umstefndu áður umgetnu 106 kr., sem enginn ágreiningur er um, með 5% vöxtum frá stefnudegi 5. júní f. á. til borgunardags. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda í málskostnað 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Sturla kaupmaður Jónsson í Reykjavík, greiði áfrýjandanum, verzlunarstjóra P. Nielsen á Eyrarbakka, 106 krónur með 5% ársvöxtum af upphæð þessari frá 5. júní f. á. til borgunardags, og í málskostnað 40 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan átta vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.